

Ari og Rósa lesa.
Ari les um sel,
sem lá á ís.
Rósa les um mús.
Músin er í vasa Óla.
Mamma færir Ara og Rósu
ís með ís-sósu.

Nú koma amma og afi.
Ari og Rósa fara með
ömmu og afa í sumar-hús.
Amma ekur, en afi segir sögur.
Hann segir sögur um Neró,
gamla hundinn sinn í sveitinni.
Allt í einu stoppar jeppinn.
Æ, það vantar olíu á bílinn, dæsir amma.

Amma fer út á veg og veifar.
Bíll nemur staðar og amma fær far á næsta bæ.
Þar fær hún olíu á stóran brúsa.
Þegar amma kemur til baka er enginn í bílnum.
Hæ, hó, kallar amma. Hvar eruð þið?
Ekkert heyrist í afa, Ara og Rósu.
Amma finnur trekt í skottinu og hellir olíu á tankinn.
Síðan sest hún inn og flautar og flautar,
en ekkert bólar á afa og börnunum.
Amma arkar upp að gilinu ofan við veginn.
Þegar hún kemur upp á hæðina sér hún
afa og börnin upp við fallegan foss í gilinu.

Amma kallar, en þau heyra ekki.
Hún fetar sig eftir mjóum stíg niður í gilið.
Loksins kemur Rósa auga á hana.
Sjáðu amma, kallar hún hreykin.
Við veiddum lax. Nú getum við haldið veislu í kvöld.
Þegar afi, amma og börnin koma aftur upp á veginn er bíllinn horfinn.
Þetta er líklega ekki dagurinn hennar ömmu.